

## **Fundur 22. nóvember**

Mættir: Rakel P., Hafsteinn Dan, Gunnar, Ingólfur, Þrándur, Jónas.

### **1. Árshátíðin**

Rædd var dræm skráning á árshátíðina. Ákveðið var að reyna að boða sem flesta á árshátíðina. Önnur atriði er varða skipulagningu árshátíðarinnar voru rædd.

### **2. Meistaramótið**

Jónas tilkynnti stjórnin að hann sæi sér ekki fært að halda meistaramótið. Samþykkt var að Þrándur og Ingólfur tækju að sér að sjá um mótið. Rætt var mögulegt fyrirkomulag á mótinu, tímasetningar, verðlaun, kynning og kostnaður. Samþykkt var að að móttjóri, Þrándur, fengi kr. 60.000 f. að halda mótið. Rætt var að það gæti kostað í heildina ca. 150.000 að halda mótið.

Talað var um að mótið yrði 2.-6. janúar.

### **3. Fjárhagsstaða**

Ingólfur gerði stjórninni grein fyrir fjárhagsstöðunni.

### **4. Afrekstefna**

Samþykkt var að Helgi myndi boða fund þar sem afreksstefna yrði rædd. Beinagrind að henni yrði síðan lögð fyrir ársþingið.

### **5. Lógó**

Stjórnin fór yfir mismunandi tillögur að lógói sambandsins. Samþykkt var að eiga boltann með TSÍ inn í boltanum og síðan vinna nánar með annað lógó; fá að sjá það í svört-hvítu einnig.

### **6. Total tennis**

Rædd var styrkbeiðni Raj f. Total tennis. Rætt var um styrkmál almennt. Stjórnin samþykkti að styrkja ekki verkefnið.

### **7. Styrkir fyrir unga leikmenn sem kepptu á mótum síðasta sumar**

Rætt var um hvort væri heppilegra að miða við hlaupandi hlutfall eða hlutfall. Samþykkt var að halda sig við fyrri ákvörðun en taka þetta fyrirkomulag upp á næsta ári.

### **8. Smáþjóðleikarnir**

Ákveðið var að senda út fjóra leikmenn (2 stráka; 2 stelpur) á Smáþjóðleikana á næsta ári. Rætt var um að það væru fimm frambærileg landsliðsverkefni á næsta ári sem lenda öll á sama ári. Þetta atriði var einnig rætt í sambandi við fjárhagsstöðuna.

### **9. Afrekssjóður, ungir- og efnilegir, íþróttamaður og –kona ársins**

Rakel vakti athygli á að þyrfti að sækja fyrir 10. desember í sjóðina. Þá þyrfti að velja og skila inn íþróttamanni og –konu ársins f. 15. desember.

### **10. Þróunarmótið í mars**

Rætt var um mótið sem er fyrir U14 áraleikmenn. Fyrirkomulagið er þannig að það eru fyrst æfingabúð en síðan mót. Höfum efnilega spilara til að senda á mótið en það þarf einhver að fara með spilurunum og kostar ákveðna peninga að styrkja mótið.

--- Fundið slitið

### **Fundur 25. nóvember 2010**

Mættir: Rakel, Hafsteinn Dan, Ingólfur, Þrándur, Jónas

### **1. Íþróttamaður og –kona ársins**

Samþykkt var að velja Arnar Sigurðsson og Söndru Dís Kristjánsdóttur. Hafsteinn Dan sat hjá.

### **2. Árshátíðin**

Skipulag árshátíðarinnar og undirbúningur var ræddur.

### **3. Styrkbeiðni Birkis Gunnarssonar**

Rædd var styrkbeiðni Birkis. Rætt var um styrkmál á almennari grundvelli. Samþykkt var að hafna beiðninni.

--Fundu slitið